

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Sorpdagatal
- Atvinna

[Næsti Pési kemur út 14 nóv 2013](#)

[Athugið!!](#)

[Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 11 nóv](#)

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Hrunaspjall	4
9. bekkur	6
Ferðaþjónustan	8
Árshátíð	12
Bragginn	13
ÁTVR	16

Pési



Okt 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>
Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 275. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Opið:

Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 16-18



leitir.is



Gegnir

Vinsamlegast athugið nýtt símanúmer: 480 6628

Lánstími safnefnis er **30 dagar**, nema annars sé getið. Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ er hægt að sjá skiladag, framlengja lánnum og fleira.

Og svo er **alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna.


Verið velkomin á bókasafnið ☺

Sveitarstjórapistill

Október er runninn upp með sínum fallegu haustlitum. Nú fer að stytast í að streð garðyrkju- og kornbænda taki enda en þetta ár hefur verið þessum aðilum erfitt í skauti. Það er víst aldrei hægt að vanmeta Ísland. Það var gaman að sjá hvað vel var mætt við vígslu Hrunaréttu sem hitti á þann skemmtilega dag, föstudaginn þrettánda. Nú þegar er komin nokkuð endanleg mynd á mannvirkið en auðséð er að réttirnar eiga eftir að vekja mikla athygli. Það væri gaman að geta þróað þetta verkefni aðeins áfram, t.d. með því að gera aðstöðu fyrir gesti og gangandi til að staldra þarna við og koma upp upplýsingaskiltum um réttirnar og tilgang þeirra.

Nú hefur fyrsta hirðing á blátunnunni átt sér stað og gekk hún mjög vel. Vonandi hjálpar þetta okkur til að ná betri tókum á kostnaði við eyðingu sorps en kostnaður virðist fara vaxandi. Fyrstu 8 mánuði ársins 2013 hefur sveitarfélagið greitt rúmar 6,2 milljónir í sorpeyðingargjöld en allt árið í fyrra var þessi kostnaður rúmar 6,9 milljónir. Tvennt virðist valda, annars vegar að afslættir hafa verið felldir niður í Sorpu vegna samkeppnismála og hins vegar virðist magn úrgangs vera að aukast aftur. Við bindum miklar vonir við að blátunnan hjálpi okkur í þessari baráttu því að óbreyttu myndi þetta þýða að sorpeyðingargjöld þyrftu að hækka á íbúa og fyrirtæki. Það munar t.d. miklu hvort þau rúmu 5 tonn af pappír sem kostuðu okkur kr. 1.500 í eyðingu í stað þess að ef pappírinn hefði farið í almennan heimilisúrgang þá hefði eyðingin kostað okkur kr. 91.800.

Ávinningurinn er því augljós og að auki vil ég hvetja íbúa og fyrirtæki að huga að því að flokka sorp betur og koma því í viðeigandi gáma upp á gámasvæði. Sérstaklega ætti fólk að huga að því að taka frá lífrænan úrgang, molta hann eða koma honum í önnur not. Hvað umgengni við blátunnuna varðar vil ég biðja menn að setja eingöngu pappír í tunnurnar en ekki hafa hann í plastpokum eða öðrum umbúðum. Að auki hvet ég menn til að festa sorptunnur tryggilega, annað hvort með því að smíða eða kaupa hirslur utan um ílátin eða með einföldum keðjum. Tómas Þórir getur verið fólki innan handa með að útfæra og þess vegna skaffa keðjur utan um tunnar án kostnaðar. Sveitarfélagið hefur í þessu sambandi keypt steyptar hirslur utan um sorptunnur við íbúðir sínar auk þess að vinna að því að sorpkörum verði komið fyrir á snyrtilegan hátt.



Hvað varðar sveitarfélagið þá fer núna mikið þúður í að þúsla saman fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Jöfnunarsjóður er dálítið að stríða okkur þar sem tekjujöfnunarmál er sífellt að dragast saman þó að á móti séu meðalskatttekjur per. íbúa að aukast miðað við önnur sveitarfélög. Sveitarstjórn tók þá ákvörðun á síðasta fundi að lækka gatnagerðargjöld á Flúðum þannig að hámark og lágmark þeirra var fært niður í stöðu á því herrans ári 2007. Vonandi hjálpar þessi aðgerð og fleira til að koma byggingu á íbúðarhúsnæði af stað aftur en ekki er vanþörf á því.

Búið er að ganga frá samningi við Landtak í Birtingaholti um snjósmokstur og hálkuvarnir á Flúðum enda styttest væntanlega í veturinn. Þá er búið að ganga frá samningi milli Hrunamannahrepps, Skiphóltsfélaga og Suðurnesjudeildar ferðaklúbbsins 4x4 (Jeppavinafélagið) um afnot og uppbyggingu á skálanum í Leppistungum. Þetta er mjög spennandi en á næstu árum ætla klúbburinn m.a. að koma upp forstofu með salernisaðstöðu, setja ljósavél á staðinn, bæta vatnsmál o.fl. í húsinu. Annað spennandi verkefni sem er framundan er að halda upp á 300 ára afmæli Fjalla-Eyvindar á árinu 2014. Ferða- og menningarnefnd mun leggja höfðuð í bleyti og eflaust kokka upp skemmtilega dagskrá.

Nú hefur orðið sú breyting í sveitarstjórn að Gunnar Þór Jóhannesson hefur látið af störfum í sveitarstjórn Hrunamannahrepps og í hans stað tekur sæti Bjarney Vignisdóttir. Þetta þýðir að núna eru konur í meiri hluta sveitarstjórnar en það hefur nú reyndar komið oftar fyrir í gegn um tíðina. Ég vil þakka Gunnari Þór fyrir góð og störf og kynni og býð jafnframt Bjarneyju velkomna til starfa.

Að lokum vil ég minnst þeirra Hrunamanna sem hafa fallið frá síðustu vikur, sumir langt fyrir aldur fram. Vil ég votta aðstendum þeirra alla samúð mína. Það verður sjónarsviptir af þessu góða fólki og hætt er við að Þésinn þurfi núna nýjan myndasmið.

Verum góð hvert við annað.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Ólafsvalla-, Hrepphóla-, Hruna- og Stóra-Núpssockna.

Eftir heils árs fjarveru frá störfum mínum hér í prestakallinu þá eru hlutirnir að flestu leyti að færast í sitt fyrra horf. Reyndar er nú orðið nokkuð fámennit á heimilinu, hjónin bara tvö eftir í þessu stóra húsi.

Það er gott að hitta vini og samstarfsfólk að nýju og leitast við að finna leiðir fyrir boðskap frelsarans. Ekki verður þó annað sagt en nokkur skuggi hvíli yfir í kjölfar erfiðra dauðsfalla. Þó er það svo að það er kannski einmitt þegar á bjátar sem hin smærri samfélög sýna styrk sinn. Í samhjálp og stuðningi og ekki síst virkri samkennd.

Helgihaldið er komið í sinn hefðbundna farveg, ein messa í hverri kirkju í mánuði. Fermingarfræðslan farin af stað en það er fjörmikill og stór hópur sem hefur hug á að sækja fræðsluna að þessu sinni.

Nú er kominn meiri kraftur í söfnun þá sem Biskup Íslands kynnti í nýjársávarpi sínu. Kallað er eftir því að hver sókn landsins leggi sitt af mörkum. Þetta flókna og mikla tæki sem kallast línuhraðall mun einkum gagnast í baráttunni við krabbamein.

Hægt er að leggja inn á söfnunarreikning 0301-26-050082, kt. 460169-6909. Einnig er hægt að hringja í söfnunarsíma:

9041000 til að gefa 1000 krónur

9043000 til að gefa 3000 krónur

9045000 til að gefa 5000 krónur

Í næstu messum er ætlunin að láta söfnunarbauk ganga ef einhver kys að leggja málefninu lið með þeim hætti fremur en að leggja inn á reikning eða með því að hringja. Vera má að eitthvað fleira verði gert en það verður þá auglýst síðar.

Helgihaldið framundan:

20. október: Messa á Ólafsvöllum kl. 11:00.

Messa í Hrepphólum kl.14


3. nóvember: Messa í Hruna kl.11:00

Messa á Ólafsvöllum kl. 14:00

Til stendur að ætla fermingarbörnum meiri hlut en oft áður við undirbúning og framkvæmd messunnar.

Ég hlakka til samstarfsins, á komandi vetri, við alla sem láta sig framgang kirkju og kristni einhverju varða.

Með blessunaróskum. Eiríkur Jóhannsson.



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hrunamanna

Hin árlega folaldasýning Hrossaræktarfélagsins verður haldin í Reiðhöllinni á Flúðum sunnudaginn 3. nóvember kl. 14.

Keptt verður í merfolaldafllokki annars vegar og hestfolaldafllokki hins vegar og að vanda kjósa áhorfendur glæsilegasta folaldið, hver félagsmaður má mæta með eitt folald óháð kyni.

Skráningargjald er krónur 1500 og greiðist á staðnum.

Skráing er í netfangið skollagrof@skollagrof.is eða í síma 894-3059 í síðasta lagi fimmtudaginn 31. október.

Vonumst eftir góðri þátttöku og mörgum áhorfendum.

Stjórn Hrossaræktarfélags
Hrunamanna.



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14


Kæru sveitungar

Nemendur 9. bekkjar við Flúðaskóla stefna á Danmerkurferð að ári.

Við munum líkt og undanfarin ár standa að fjáröflun til að standa straum af kostnaði við ferðina okkar. Einn liður hennar er flösku/dósasöfnun. Við komum til með að banka uppá hjá ykkar öðru hverju í vetur.

Hlökkum til að hitta ykkur.

Kveðjur frá nemendum í 9. bekk



Bingó körfuknattleiksdeildarinnar verður haldið 25. október kl:20:00 í Félagsheimili Hrunamanna. Glæsilegir vinningar í boði.



Hestamiðstöðin Langholtskoti.

Nokkur laus pláss í tamningu og þjálfun í haust og fram að áramótum.

Frekari upplýsingar í síma 899-0772.

Guðmann Unnsteinsson, Langholtskoti (Manni).

Tek einnig að mér járnningar , og folöld í innifóðrun í vetur.



Afmælishátíð Félags eldri Hrunamanna

Sunnudaginn 27. október eru 30 ár liðin frá stofnun Félags eldri Hrunamanna. Af því tilefni verður afmælishátíð í Félagsheimilinu og hefst hún kl. 15.

Félagar, makar þeirra og velunnarar félagsins eru hvattir til að koma og gleðjast saman. Skemmtiatriði og kaffiveitingar Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til stjórnar fyrir 23. október.

Vegna afmælishátíðarinnar verður ekki opið hús í október. Bestu kveðjur, stjórnin



Mánudagur	Þriðju dagar	Mið vikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
13:00 Körfubolti Mikróbolti	15:10 Fimleikar 4-5 ára og 1. bekkur	15:10 Frjálsar 1.-2. bekkur	15:20 Körfubolti 7.-10. flokkur kvenna	12:30 1. og 2 bekkur Körfubolti Mikróbolti		
13:40 Fótbolti 5 ára 1. og 2. bekkur	16:00 Körfubolti mínibolti stelpur 3.-6. b.	16:00 Frjálsar 3.-6. bekkur	16:30 Körfubolti 7.-10. flokkur karla	13:10 Körfubolti mínibolti stárkar 3.-6. b.		
14:30 Fótbolti 3.-4. bekkur	17:10 Körfubolti 7.-10. flokkur kvenna	17:10 Frjálsar 7.-10. bekkur	17:40 Körfubolti kvennaflokkur	14:20 Körfubolti mínibolti stelpur 3.-6. b.		
15:30 Körfubolti mínibolti stelpur 3.-6. b.	18:20 Körfubolti mínibolti stárkar 3.-6. b.	18:20 Körfubolti 7.-10. flokkur karla	19:00 Blak Konur	15:30 Körfubolti 7.-10. flokkur kvenna		
16:40 Körfubolti mínibolti stárkar 3.-6. b.	19:30 Blak Konur	19:30 Körfubolti kvennaflokkur	20:00 Blak Karlar	16:45 Körfubolti 7.-10. flokkur karla		
17:50 Körfubolti 7.-10. flokkur kvenna	21:00 Blak Karlar	Karlasport! Alls konar hræyting fyrir karla á öllum aldri.				
18:10 Körfubolti 7.-10. flokkur karla						
20:30 Körfubolti old boys						
21:30 Fótbolti Old boys						

Fótboltaæfingar
á sparkvelli:

Mánudagur
kl. 15.25-16.25
5.-10. bekkur

Þessi tafla gildir haustönn 2013
Körfubolti, blak og fimleikar hefjast 2. september. Fótbolti og frjálsar hefjast eftir réttir.

Sunnlensk ferðaþjónusta – tölum saman

**Samtök sunnlenskra sveitarfélaga býður til málþings
á Hótel Heklu, Brjónsstöðum, 23. október frá kl.12-17.**

Dagskrá

Kl. 12 Léttur hádegisverður í boði fyrir gesti

Ísland allt árið	<i>Inga Hlín - Íslandsstofa</i>
Öðruvísi flétta = sérstaða	<i>Knútur Ármann - Friðheimar</i>
Ferðaþjónusta - heilsársatvinnugrein?	<i>Porbjörg Arnórsdóttir - Þórbergssætur í Suðursveit</i>
Afþreying fyrir alla fjölskylduna	<i>Katrín Sigurðardóttir - Skeiðvellir</i>
Matartengd ferðaþjónusta	<i>Sölvi Arnarsson - Efsti Dalur</i>
Uppbygging ferðaþjónustu	<i>Jóhann Helgi Hlökkversonn - Vatnsholt</i>
Veitingasala við náttúruperlu	<i>Elisa bet Þorvaldsdóttir - Seljalandsfoss</i>

Kaffihlé

Virði heilsársöfnunar upplýsingamiðstöðva á Suðurlandi?

Sandra Brá Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri Friðar & Frumkrafta

Ferðaþjónusta – hlutverk sveitarfélaga:

Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri á Hornafirði
Aldis Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði
Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Pallborðsumræður

Fundarstjóri, Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnesvísu

Allir velkomnir,

Peir sem starfa við ferðaþjónustu og aðrir áhugamenn hvattir til að mæta.

[Aðgangur ókeypis.](http://www.sass.is) Skráning fer fram á www.sass.is

SASS



Markaðsstofa Suðurlands



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Auðlýsing

Auglýst er eftir hvort einhver eigi eða geti látið okkur hafa í leikskólanum Undralandi, leggi, kjálka og völur úr kindum/lömbum. Við erum að safna svona hlutum að

okkur, fyrir 300 ára afmælishátíð Eyvindar í vor. Ef einhver getur sagt okkur hvar sé hægt að nálgast þessa hluti, eða safnað þeim fyrir okkur, værum við ákaflega þakklátar þeim sama. Gott fyrir börn að kynnast leikjum forfeðra sinna og barna fyrr á öldum.

Starfsfólk leikskólans Undralands.



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi föstudaginn 25. október 2013

Tímapantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is

LAUGARVATN
fontana

Hölsuind frá landnámi

Vatnsdallar - Vatnskör

SUEVIA



SU1000120
Vatnsd. grænn -
gæðaplast



SU1000066
Vatnsdallur svartur
plathúðað stál



SU1001210
Vatnsd. Grænn,
Stór/plast



SU1000130
Vatnsd. Grænn plast
m/floth.



SU1000140
Vatnsd. Grænn plast
í fjárhúsið



SU1300600
Drykkjartrog
með flotholti



SU1305702
Veltanleg
vatnskör ryðfri,
1 m, 1,5 m, 2 m



SU1310700
Flotholt
í veltanl. vatnskar
Model 700



SU1800326
Nippilstútur




SU1310513
Flotholt í húsi
f/drykkjarkör

Skágrindur, milligrindur, milligerðir, stólpur og festingar ýmiskonar.

Skágrindur



Milligrindur



Saltsteinar - steinefna- og vítamínblökkir - steinefnafötur



**Saltsteinn
Natur 10 kg.**
Saltsteinn



**Saltsteinn
Plus 10 kg.**
Saltsteinn með
iðbættu magnesíum,
seleni og jóði



**Steinefnablokk
Uniblock 10 kg.**
Sleikiblokk með kalsíum,
magnesíum, jóði, seleni
og vítamínur



Vítamínblökk
Sleikiblokk með hátt
hlutfalli vítamína og
snelliefna ásamt
seleni. Bragðgöð og
veðurþolin **10 kg.**

Steinefnafata Mineraleimer 25 kg.



Aihliða
steinefnafata fyrir
kúr og hross
Ekki fyrir sauðfé

Steinefnafata Phosphoreimer



Steinefnafata með háu
fosfór og selennihaldi
Fyrir nautgrip,
sérstaklega fyrir geldkúr
Ekki fyrir sauðfé
20 kg.



**Steinefnafata 15 kg.
Universalschale**

Aihliða steinefnafata fyrir sauðfé



Gunnbjarnahóli
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

2013-2014

September

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

Október

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Nóvember

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Grátunna

Desember

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Janúar

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Febrúar

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	

Mars

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

Apríl

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

Mai

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Sorþirðudagar með fyrirvara vegna veðurs og annarra ástæðna

Haustrundur Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldinn
mánudagskvöldið 11. nóvember.

Takið kvöldið frá.

Nánar auglýst síðar með dreifibréfi.

Með kveðju,

Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Tækjasalur í íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga kl: 16:00-21:30.

Föstudaga kl: 13:00-18:00

Um helgar er opið á laugardögum frá kl:12:00-15:00,
þegar mót eru í gangi.

ÁRSHÁTIÐ HESTAMANNAFÉLAGANNA TRAUSTA, LOGA OG SMÁRA 19. OKTÓBER Í FÉLAGSHEIMILINU Á FLÚÐUM

Húsið opnað kl. 20:00 og borðhald hefst kr. 20:30

Matseðill að hætti meistarakokksins **Bjarna á Blesastöðum**

Sherry bætt Flúðasveppasúpa með léttþeyttum rjóma úr Laugardalnum og nýbókuðu sveitabrauði.

Hægeldaður heiða- lambavövi með bearnaise sósu
löguð úr Högnastaðaeggjum,

fersku salati frá garðyrkjubýlum í nágrenninu og
ofnbókuðu rótar-grænmeti úr kálgörðum uppsveitanna.

Kaffi og heimageri Mika konfekt úr Hrunamannahreppi

Veislustjóri hinn **eini sanni Örn Árnason**
Glens, söngur og gaman úr héraði.

Gleðisveitin **Stuðlabandið**
leikur fyrir dansi fram á rauða nótt.

Verð kr. 6.500. Tekið við pöntunum til 16. október.

Selt verður á dansleikinn eftir kl. 23:30 kr 2.500

Tekið á móti pöntunum á netfanginu:
holmfridur@skalholt.is (síma 856-1545)



HESTAMENN...FJÖLMENNUM OG SKEMMTUM OKKUR SAMAN

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-18:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Kæru sveitungar

Bragginn – leir og kaffi verður opinn helgina 2-3. nóvember í tilefni safnahelgi á Suðurlandi. Nýbakað brauðmeti, kökur, kaffi og fleira skemmtilegt verður til sölu og leirvinnustofan verður opin fyrir gesti og gangandi. Opnunartími safnahelgi er laugardagur og sunnudagur: 13:00 - 18:00.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Við minnum einnig á að við tökum á móti hópum í léttar veitingar og opnum leirvinnustofuna ef haft er samband við okkur með fyrirvara. Hægt er að hafa samband við okkur í síma (847-8384, Ásthildur) eða í gegnum Facebook.

Jólaopnun, helgaropnanir og aðrir viðburðir verða auglýstir sérstaklega svo fylgist með á facebook síðunni okkar: www.facebook.com/bragginn

Kveðja Braggapíur

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

VIOLA snyrtistofa
Verður lokað frá 7.
október –
27. október
Hlíf
Sími 856-1599.




Vöndull

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Sími 856 1580

vondull@simnet.is



Ferðir alla virka daga milli
Reykjavíkur, Hveragerðis,
Porlákshafnar, Eyrarbakka,
Stykkseyrar, Selfoss,
Hellu, Hvolsvallar og
DREIFBÝLIS Í ÁRNESSÝSLU

Nesfrakt

Héðinsgötu 1-3 - Rvk.

Sími 533 2211

Skálholtsfélagið stendur fyrir málpinginu *Skálholt - hvað ætlar þú að verða?* í Skálholti, laugardaginn 19. október frá kl. 13 til 16.

Framsöguerindi og pallborð. Enginn aðgangseyrir - Allir hjartanlega velkomnir!

Nánar á <https://www.facebook.com/Skálholtsfelagid>



Tónahátíð félagsheimilanna í Flóahrepp

Nú er komið að hinni árlegu Tónahátíð félagsheimilanna í Flóahrepp. Félagsheimilin eru vel nýtt allan ársins hring s.s. fyrir ýmsar veislur, ættarmót, íþróttæfingar og fleira. Öll félagsheimilin eru vel útbúin til að taka á móti stórum sem smáum hópum við ýmis tækifæri. Þetta árið verður Tónahátíðin fjölbreytt og þess má geta að rekstrarstjórn fékk styrk frá Menningarráði Suðurlands að upphæð kr. 300.000 vegna Tónahátíðs 2013.

Byrjað verður í **Félagslundi þann 12. október**. Þar mun **tenórinn Gissur Páll Gissurarson** þenja raddböndin. Gissur Páll á langan feril að baki en aðeins ellefu ára þreytti hann frumraun sína í titilhlutverkinu í leiksýningunni um Oliver Twist. Í desember 2010 kom út fyrsta sólóplata Gissurar Páls, Ideale, sem hefur verið mjög vel tekið. Árið 2006 tók Gissur Páll þátt í tveimur alþjóðlegum söngvarakeppnum á Ítalíu og vann til verðlauna í þeim báðum. Gissur Páll söng hlutverk Rodolfo í uppsetningu Íslensku óperunnar á La Boheme í vor og var í kjölfarið tilnefndur til Grímunnar sem söngvari ársins. Gissur Páll hlaut íslensku tónlistarverðlaunin árið 2012 sem klassíski söngvari ársins.

Næsti viðburður verður í Þjórsárveri 26. október en þá verður hið árlega söngkvöld í umsjón **Inga Heiðmars Jónssonar**. Flest höfum við gaman af því að hlusta á góðar sögur og í okkur öllum býr sagnamaður sem hefur kannski ekki verið virkjaður. Frásöguhæfileikinn hefur svo sannalega fengð að blómstra hjá **Ragnheiði Þóru Grímsdóttur, sagnaþulu frá Akranesi** en hún mun láttu einhverjar sögur flakka. Þá mun **Bakkatríóíð** stíga á stökk og spila nokkur lög en það eru ungar stúlkur frá Hvolsvelli sem spila á ýmis hljóðfæri.

Þriðji og síðasti viðburðurinn að þessu sinni verður svo í **Þingborg 2. nóvember**. Þar munu **KK (Kristján Kristjánsson) og Maggi Eiríks** verða með tónleika. Þeir félagar hafa sungið og spilað saman í mörg ár með góðum árangri. Það verður enginn söngelsk sála svikin af ljúfri kvöldstund í félagsskap þessara ástsælu listamanna.

Nú verða allir að taka þessi kvöld frá til að missa ekki af þessum frábæru viðburðum.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Opnunartími hreppsskrifstofu.
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*



Vínbúðin Flúðum

Starfsmaður óskast

Vínbúðin Flúðum óskar eftir starfsmanni annan hvern laugardag og í afleysingar eftir þörfum.

Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið felst í þjónustu, afgreiðslu, uppstillingu á vörum og vörumóttöku.

Hæfniskröfur

- Góð þjónustulund
- Stundvísi og dagnaður
- Umsækjandi þarf að hafa náð 20 ára aldri
- Sakavottorðs er krafist


Ráðið verður í stöðuna sem fyrst og mikilvægt að viðkomandi geti byrjað fljótlega.

Gildi Vínbúðanna eru LIPURÐ - ÞEKING - ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is.
Umsóknarfrestur er til og með 20. október 2013.

Nánari upplýsingar veitir María Magnúsdóttir, 484 8701, fludir@vinbudin.is

ÁTVR rekur 48 Vínbúðir um allt land. Stofna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lífandi og skemmtilegar þar sem þjónusta og samskipti einkenast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

 VÍNBUÐIN
vínbúðir

Þjóðbúninganámskeið

Áttu þjóðbúning sem þú vilt laga eða sauma þér nýjan upphlut eða peysuföt??

Ég er að kanna áhuga á að halda þjóðbúninganámskeið á Flúðum eftir áramót á vegum Annríki – Þjóðbúningar og skart. Námskeiðið byggist upp á fjórum helgum og er námskeiðsgjald kr. 115.000,-

Áhugasamir hafið samband í síma 893 6423 eða netfang: ellajona@ellajona.net
Með von um góðar undirtektir Ella Jóna í Tungufelli



Skila eða kaupa.

Þið sem hafið að láni frá mér FitPilatesbolta, dýnur eða handlóð eruð vinsamlegast beðin að skila þeim. Þið sem viljið kaupa þessa hluti er það velkomið. 65cm bolti á 6.000,-, 55cm bolti á 5.000,-, dýna á 7.000,- og handlóðasettið á 1.800,-
Kærleikskveðja Júlíana

Landflutningar
SAMSKIP

Flúðaleið ehf

EIMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju Starfsfólk Flúðaleiðar



Starf móttökuritara!

Laus er staða móttökuritara við heilsugæslustöðina í Laugarási. Um er að ræða 50% starfshlutfall.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi FOSS og stofnanasamningi.

Umsóknafrestur er til 25. okt. n.k. Nánari upplýsingar veitir Anna E. Ipsen, hjúkrunarstjóri, í síma 480-5300 eða á netfangið: annaipсен@hsu.is.

Við mat á umsóknum verður lagt mikið upp úr eiginleikum sem lúta að samstarfi og sveigjanleika, skipulögðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, trúmennsku og hæfni í samskiptum. Góð tölvukunnátta nauðsynleg.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu Hsu – vefsíða: www.hsu.is

Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til Önnu E. Ipsen, hjúkrunarstjóra heilsugæslu Laugaráss.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands var stofnuð 1. sept. 2004 við sameiningu heilsugæslustöðva á Suðurlandi og Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi. Þjónustusvæði stofnunarinnar nær til um 20.000 íbúa á Suðurlandsundirlendinu.

Um er að ræða 8 heilsugæslustöðvar, eitt sjúkrahús á Selfossi með 31 sjúkjarúm og 40 hjúkrunarrúm. Alls eru um 225 stöðugildi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Myndasýning 10. bekkjar í Flúðaskóla

Danmerkurferð 2013

Allir velkomnir!

Flúðaskóli fór nú upphafi skólaárs til Danmerkur eins og undanfarin ár. Þetta er í 11. sinn sem skólinn fer til Danmerkur og í 9. sinn sem við heimsækjum vini okkar í Grantofteskolen en við höfum verið í samstarfi við þann skóla síðan 2005. Okkur telst til að í þessar ferðir hafi farið ríflega 200 nemendur, um 40 foreldrar og í kringum 12 starfsmenn Flúðaskóla. Þessar ferðir hafa verið hver með sínu sniði og allar hafa þær verið ákaflega eftirminnilegar.

En engin ferð hefði verið farin ef ekki hefði komið til ómetanlegur stuðningur samfélagsins í báðum sveitum, sem við nú sem endranær, þökkum kærlega fyrir! Okkur langar til að sjá sem flesta á myndasýningunni okkar sem verður haldin fimmtudaginn 17. október í Félagsheimili Hrunamanna kl. 20.00. Þar munum við rifja upp ferðina í máli og myndum. Við hvetjum **alla** til að koma og langar að bjóða sérstaklega velkomna fyrrum nemendur, foreldra/forráðamenn og starfsmenn Flúðaskóla, sem hafa tekið þátt í þessum ferðum.

Ókeypis aðgangur eins og ávallt.

Hlökkum til að sjá ykkur.

10. bekkur Flúðaskóla.

**Ágætu sveitungar!
Hestamannafélagið Smári og
Ungmennafélög Hrunamanna, Skeiða- og
Gnúpverja, þakka öllum fyrir þátttökuna,
aðstoð og áhorf við Brokk
og skokk keppni sem haldin var í fyrsta sinn
á Íslandi**

**Þann 23. júní 2013 við Skaftholtsréttir.
Fjölmargir tóku þátt í þessari fyrstu
keppni sinnar tegundar á Íslandi. Brokk og skokk er liðakeppni tveggja,
knapa og eins hests.**

**Markmiðið er að komast í mark á sem skemmstum tíma. Knaparnir verða að
skiptast á að hlaupa og vera á hestbaki.**

**Keppt var í tveimur vegalengdum. Annarsvegar fjölskylduhringur, u.þ.b. 2,8
km. Þar var leyfilegt að teyma undir
ungum börnum allan hringinn.**

**Hins vegar var farinn íþróttahringur,
u.þ.b. 6 km.**

**Þar var skylt að skipta a.m.k. fjórum
sinnum um knapa á leiðinni.**

**Átta lið kepptu í þessari fyrstu keppni
og skemmtu sér konunglega.**

**Stefnt er að því að halda þessa keppni
árlega.**

**Við
þökkum
öllum þeim sem studdu keppnina með aðstoð og
framlögum!**

**Sérstaklega Vinum Skaftholtsréttta, Landstólpa,
Verzlunni Árborg, Sláturfélagi Suðurlands,
Mjólkursamsölunni á Selfossi, Samfélagssjóði
Landsvirkunar og Björgunarsveitinni
Sigurgeir.**

**Hlökkum til að sjá ykkur á næsta ári um
Jónsmessu!**

Fleiri myndir á smari.is!

Bestu kveðjur, Brokk & Skokk Nefndin





Síðustu myndirnar frá Sigga, en með þeim fylgdi eftirfarandi texti:

“Heiðraða fólk. Ég sendi hér allnokkrar myndir frá þeim mikla hátíðisdegi þegar Hrunaréttir voru vígðar 13. 9. 2013. Eftirminnleg stund á fögnum degi. Megi blessun ávalt fylgja réttunum okkar kveðja, Sig. Sigmundsson”